



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29.3 2016
Tilvísun: 201603-0022

Efni: Mál nr. 575 Frumvarp til laga um helgidagafrið (brottfall laganna)

Almennir kjarasamningar gera ráð fyrir dagvinnu virka daga vikunnar frá mánudegi til föstudags. Fyrir vinnu utan dagvinnutímabils á virkum dögum, á laugardögum, sunnudögum og á samningsbundnum frídögum greiðist ýmist almennt yfirvinnuálag (1,0385% af mánaðarlaunum) eða sérstakt stórhátíðarálag (1,375% af mánaðarlaunum). Ef samningsbundnir frídagar eru ekki unnir og falli þeir á virka daga eru þeir greiddir án vinnuframlags með dagvinnulaunum.

Samningsbundnir frídagar eru í tveimur flokkum:

Stórhátíðadagar þar sem greitt er stórhátíðarálag (1,375% af mánaðarlaunum) séu þeir unnir, teljast vera:

Nýársdagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Föstudagurinn langi (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Páskadagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Hvítasunnudagur, (l. 32/1997 og l. 88/1971)
17. júní (l. 88/1971)
Aðfangadagur eftir kl. 12:00 (l. 32/1997 frá kl. 18, l. 88/1971 frá kl. 13)
Jóladagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Gamlársdagur eftir kl. 12:00 (l. 32/1997 frá kl. 18, l. 88/1971 frá kl. 13)

Aðrir frídagar þar sem greitt er yfirvinnuálag (1,0385% af mánaðarlaunum) teljast vera auk laugardaga og sunnudaga:

Skírdagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Annar í páskum (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Uppstigningardagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Sumardagurinn fyrsti (l. 88/1971)
1. maí (l. 88/1971)
Annar í hvítasunnu (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Annar í jólum (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Fyrsti mánudagur í ágúst (l. 88/1971)

Dagar þeir sem lög nr. 32/1997 telja upp eru skv. framansögðu ýmist launaðir með venjulegu yfirvinnuálagi eða stórhátíðarálagi.



Samkvæmt því frumvarpi sem til umsagnar er, skulu allir helgidagar sem taldir eru upp í lögum um 32/1997 um helgidagafrið, taldir eftirleiðis upp í lögum nr. 88/1971 auk þess sem 2.mgr. 6.gr. þeirra laga heldur sér en hún gerir fyrsta mánudag í ágúst að frídegi. Ekki er gert ráð fyrir því að breyta heimildum aðila vinnumarkaðar til þess að semja um frávík frá lögum 88/1971.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að brottfall laga nr. 32/1997 muni hafa áhrif á kjarasamninga en æskilegt væri til þess að taka allan vafa af í því efni, að láta koma fram í greinargerð með lögunum, að þeim sé ekki ætlað að hafa nein áhrif á ákvæði kjarasamninga.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Magnús M. Norðdahl'.

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2016

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um brottfall laga um helgidagafrið, þingskjal 935 - 575. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um brottfall laga um helgidagafrið.

BSRB leggur áherslu á að tilgreint sé í frumvarpinu að brottfall laganna muni ekki hafa nein áhrif á ákvæði kjarasamninga.

Hér á landi eru í gildi um 200 kjarasamningar og innihald þeirra er að mörgu leyti sambærilegt. Það er hins vegar sá möguleiki fyrir hendi að einhverjir kjarasamningar vísi einfaldlega til laganna um helgidagafrið og laga um 40 stunda vinnuviku í stað þess að talið sé upp hverjir dagar teljist frídagar eða orðalag kjarasamninga sé ekki nægilega skýrt í ljósi þess að nefndir lagabálkar kveða á um frídaga. Að því leytinu til er sérstaklega mikilvægt að tryggja að gangi frumvarpið eftir og verði að lögum mun það ekki hafa nein áhrif ákvæði kjarasamninga. Að öðru leyti tekur bandalagið undir umsögn ASÍ um málið.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir
frankvæmdastjóri

Kirkjuráð



Forseti Alþingis
hr. Einar K. Guðfinnsson
Alþingi v. Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2017

Hér með sendist hinu háa Alþingi ályktun 22. máls kirkjuþings 2015 um frumvarp til laga um brottfall laga um helgidagafrið.

Virðingarfyllst f.h. kirkjuráðs

Guðrún Finnbjarnardóttir
fulltrúi framkvæmdastjóra kirkjuráðs.



Kirkjuþing 2015
22. mál – þskj. 65

Þingsályktun
um lög um helgidagafrið

Kirkjuþing tekur undir þá ályktun aðalfundar Prestafélags Íslands frá 12. apríl 2016 að lögum nr. 32/1997 um helgidagafrið verði viðhaldið. Kirkjuþing beinir því til Alþingis að endurskoða heildarlöggjöfina en tryggja um leið að markmið hennar haldi gildi sínu.

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. apríl 2016.

Mál nr. 575, þingskjal 935: Frumvarp til laga um helgidagafrið (brottfall laganna).

Lög landsins verða að lúta Stjórnarskrá Íslands. Í 62. grein stjórnarskrár segir:

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“

Það orkar því tvímælis að ætla að fella með öllu úr gildi lög um helgidagafrið á þeirri forsendu að þjóðfélagið sé orðið svo fjölmenningslegt og til Íslands komi margir ferðamenn, eins og segir í rökstuðningi.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs í október 2012 studdi þjóðin að ákvæði um þjóðkirkju yrði í stjórnarskrá, kirkju og kristni til varnar. Alþingi ber að virða stjórnarskrá og lýðræði í landinu.

Sé vilji fyrir hendi er mögulegt að gera breytingar á 2. tölul. 4. greinar til að koma til móts við þá sem krefjast breytinga, en að fella lög um helgidagafrið alveg úr gildi er ekki í anda stjórnarskrár.

Með kærri kveðju,

Dögg Harðardóttir

170565-4609

Reykjavík 2. apríl 2016

Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Ritari nefndarsviðs Alþingis
nefndarsvid@althingi.is

Umsögn stjórnar Prestafélags Íslands um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 32/1997 um helgidagafrið ásamt orðalagsbreytingu á 6. gr. laga um 40 stunda vinnuviku.

Prestafélag Íslands styður frumvarp þess efnis að lög nr. 32/1997 um helgidagafrið falli brott. Stjórnin tekur undir rök flutningsmanna og telur að þessi lög eigi ekki við í nútíma samfélagi þar sem fólk aðhyllist mismunandi trúarbrögð og lífsskoðanir og vegna stóraukins straums ferðafólks. Prestafélagið telur ekki eðlilegt að fólki sé refsað fyrir ákveðnar skemmtanir á helgidögum kristins fólks.

Varðandi orðalagsbreytingu á 6. gr. laga um 40 stunda vinnuviku þykir Prestafélaginu eðlilegt að áfram verði talað um helgidaga en ekki helgidaga Þjóðkirkjunnar. Ástæðan fyrir því er að orðið helgidagur einskorðast ekki við ákveðna trúar- eða lífsskoðun og enn síður við ákveðið trúfélag eða lífsskoðurnarfélag. Merking orðsins helgidagur er að hann sé helgaður einhverju öðru en vinnu hversdagsins og þar með helgur. Prestafélagið hvetur til þess að orðanotkun er varðar frídaga verið ekki of fátækleg og telur hugtakið hvetjandi til frítöku og hvíldar. Prestafélaginu leggur því til að í 6. gr. verði talað um “helgidaga/frídaga” eða “helgidaga og frídaga” og dagarnir síðan taldir upp í ákvæðinu sem lögbundnir frídagar/helgidagar.

Prestafélagið telur að upprunalegt markmið þessara laga hafi hafi fyrst og fremst verið að standa vörð um frítíma fólks en þar sem frítökuréttur og hvíldartími er þegar tryggður í kjarasamningum og lögum um 40 stunda vinnuviku þá sér félagið ekki lengur ástæðu til þess að standa vörð um þessi lög.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Prestafélags Íslands

Guðrún Karls Helgudóttir, varaformaður



SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Hallveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík
sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2016

Efni: Umsögn Siðmenntar um frumvarp til laga um helgidagafrið, 145. löggjafarþing 2015 - 2016. Þingskjal nr. 935. - 575. mál.

Álit Siðmenntar:

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, hvetur Alþingi til þess að samþykkja lagafrumvarpið um brottfall laga um helgidagafrið.

Rökstuðningur:

Siðmennt tekur undir megin röksemd flutningsmanna sem er:

Flutningsmenn sjá ekki ástæðu til að takmarka frelsi fólks með lögum þannig að það varði sektum að standa að t.d. bingó, happdrætti, dansleikjum eða öðrum samkomum á helgidögum þjóðkirkjunnar. Fritökuréttur og hvíldartími er tryggður í kjarasamningum en til að réttur launafólks til frídaga eigi styrka lagastoð er lögð til orðalagsbreyting á 6. gr. laga um 40 stunda vinnuviku þannig að staðinn fyrir að þess sé getið að helgidagar þjóðkirkjunnar séu frídagar verði umræddir dagar taldir upp í ákvæðinu sem lögbundnir frídagar.

Þau tvö atriði sem þarna koma fram eru megin atriðin í málinu: 1. Takmörkun á frelsi fólks vegna helgidaga þjóðkirkjunnar og 2. Að tryggður sé fritökuréttur og hvíldartími í samningum stéttarfélaga við vinnuveitendur.

Núverandi lög eru barns síns tíma þegar samfélagið var mjög einsleitt en eru afar úrelt með hliðsjón af samfélaginu eins og það er í dag sem er fjölmenningslegt svo ekki sé nú talað um ferðamenn sem hafa þurft að vafra um þá daga sem allt er harðlæst

Fulltrúi Siðmenntar er ávallt reiðubúinn að ræða innihald umsagnarinnar ef eftir því er óskað.

F. h. Siðmenntar

Bjarni Jónsson
Framkvæmdastjóri

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
2016-03-14

Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um brottfall laga um helgidagafrið, 145. löggjafarþing
- þingskjal 935 - 575. mál

Vantrú styður frumvarpið heils hugar.

Ríkið ætti ekki að hampa helgidögum eins trúfélags sérstaklega og banna öllum íbúum landsins að gera ýmislegt á þeim dögum á þeirri forsendu að um helgidaga þess tiltekna trúfélags sé að ræða.

Eins er óþarfi að vernda sérstaklega samkomur trúfélaga umfram samkomur annars konar félaga.

Ef ríkið telur sig þurfa að setja lög varðandi frídaga launþega, þá ætti að gera það á þeim forsendum, en ekki sem óbeina afleiðingu af sérstakri vernd helgidaga ríkiskirkjunnar.

Fyrir hönd Vantrúar,
Hjalti Rúnar Ómarsson, formaður Vantrúar

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2016

Efni: Frumvarp til laga um brottfall laga um helgidagafrið (575. mál)

Með frumvarpinu er lagt til að lög um helgidagafrið nr. 32/1997 falli brott. Lög um helgidagafrið hafa þann tilgang að tryggja frið, næði, hvíld og afþreyingu almennings á helgidögum þjóðkirkjunnar. Jafnframt takmarka þau starfsemi ýmissa rekstraraðila á nánar tilteknum helgidögum. Viðskiptaráð styður frumvarpið. Lög um helgidagafrið takmarka einstaklingsfrelsi um of og eru barn síns tíma.

Órökstudd frelsistakmörkun

Samkvæmt lögum um helgidagafrið er starfsemi markaða, verslunar og önnur viðskiptastarfsemi óheimil á tilteknum helgidögum.¹ Í lögnum eru jafnframt ýmsar skemmtanir, svo sem dansleikir eða einkasamkvæmi á opinberum veitingastöðum eða á öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang, óheimilar á tilteknum helgidögum.

Brot gegn lögum um helgidagafrið varða sektum og brjóti handhafi opinbers starfsleyfis gegn lögnum er heimilt að svipta hann leyfinu tímabundið eða fyrir fullt og allt ef brot er ítrekað.

Framangreind bönn takmarka frelsi einstaklinga til atvinnurekstrar eða skemmtana án þess að fullnægjandi rök fyrir slíkum takmörkunum séu til staðar. Að mati Viðskiptaráðs eiga einstaklingar að njóta sama frelsis alla daga ársins – hvort sem stjórnvöld kjósa að skilgreina þá sem helgidaga eður ei.

¹ Frá þessu banni eru gerðar nokkrar undantekningar. Sem dæmi má nefna að starfsemi matvöruverslana með verslunarrými undir 600 fermetrum – þar sem a.m.k. 2/3 hluti veltunnar er sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki – er undanþegin banninu.

Lög um helgidagafrið barn síns tíma

Tilgangur laga um helgidagafrið er „að vernda helgihald og til að tryggja frið, næði, hvíld og afþreyingu almennings á helgidögum þjóðkirkjunnar.“² Að mati Viðskiptaráðs er þessi tilgangur barn síns tíma. Í dag má telja óeðlilegt að hefðir eins trúfélags réttlæti kvaðir á alla einstaklinga í þjóðfélaginu – óháð því hvort þeir séu í viðkomandi trúfélagi eða ekki. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru ríflega 28% Íslendinga utan þjóðkirkjunnar árið 2016. Frelsi allra einstaklinga til atvinnurekstrar eða skemmtana ætti því ekki að skerða á grundvelli hefða þeirrar kirkju.


Lögbundnir frídagar áfram tryggðir

Með frumvarpinu er gerð orðalagsbreyting á lögum um 40 stunda vinnuviku til að tryggja rétt til frídaga á helgidögum. Í staðinn fyrir að þess sé getið að helgidagar þjóðkirkjunnar séu frídagar verða umræddir dagar taldir upp í því ákvæði sem lögbundnir frídagar. Jafnframt er frítökuréttur og hvíldartími tryggður í kjarasamningum. Þrátt fyrir brottfellingu laga um helgidagafrið verður réttur til frítöku á helgidögum því áfram til staðar.

Að framangreindu sögðu tekur Viðskiptaráð undir efni frumvarpsins. Ráðið hvetur Alþingi í framhaldinu til að auka sveigjanleika vegna frítöku í tengslum við helgidaga. Þannig ætti að gera launþegum og vinnuveitendum kleift að taka frí vegna helgidaga öðrum hvorum megin við aðliggjandi helgar og tryggja þannig að dagarnir nýtist þeim með sem bestum hætti.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Frosti Ólafsson
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

² Lög nr. 32/1997 um helgidagafrið